

# LÖG EININGAR-ÍÐJU

Samþykkt á aðalfundi 16. apríl 2024



# Lög Einingar-Iðju

## I. kafli – Heiti félagsins og hlutverk

### 1. grein – Nafn og hlutverk

Félagið heitir Eining-Iðja, og er stéttarfélag.

Starfs- og félagssvæði þess er frá Grenivík til Fjallabyggðar, innan þess eru eftirtalin sveitarfélög: Akureyrarkaupstaður, Eyjafjörður, Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð, Hörgársveit, Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur ásamt Hrísey og Grímsey.

Félagið er aðili að Alþýðusambandi Norðurlands (AN), Starfsgreinasambandi Íslands (SGS) og Alþýðusambandi Íslands (ASÍ). Einnig getur félagið sótt um og gerst aðili að öðrum landssamböndum ef það er talið eiga við starfsgreinar félagsins.

Heimili og varnarþing félagsins er á Akureyri.

### 2. grein – Tilgangur

Tilgangur félagsins er:

- Að sameina allt launafólk sem starfar á félagssvæðinu.
- Að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna, svo sem með því að semja um kaup og kjör, bættan aðbúnað við vinnu og gæta þess að ekki sé gengið á rétt félagsmanna.
- Að vinna að fræðslu- og menningarmálum.
- Félagið kappkostar að standa vörð um hagsmunamál allra þeirra sem starfa á félagssvæðinu og falla undir kjarasamninga Starfsgreinasambands Íslands og þá sérsamninga sem félagið gerir.

### 3. grein – Inngönguskilyrði

Inngöngu í félagið geta þeir fengið sem:

- Vinna þau störf sem falla undir kjarasamninga þeirra landssambanda sem getið er í 1. grein.
- Eru fullra 16 ára.
- Standa ekki í óbættum sökum við félagið eða önnur stéttarfélög innan ASÍ.

### 4. grein – Innganga í félagið

Umsækjendur um félagsaðild geta óskað aðildar að féluginu með inntökubeiðni eða með skilum á gjöldum til félagsins.

Hafi launamaður ekki sótt um félagsaðild, en greitt félagsgjald í sex mánuði skal félagið senda tilkynningu um inngöngu í félagið. Geri hann ekki athugasemd innan 10 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar telst hann félagsmaður.

Ekki er þörf á sérstakri staðfestingu ef fjarvera úr féluginu varir eigi lengur en 6 mánuði samfellt.

Um iðgjöld þeirra, sem standa utan félagsins, gilda ákvæði laga og kjarasamninga félagsins á hverjum tíma.

Sé vafi um rétt til aðildar skal stjórn félagsins úrskurða um málið. Unnt er að skjóta þeim úrskurði til trúnaðarráðs félagsins og úrskurði þess til framkvæmdastjórnar SGS og miðstjórnar ASÍ.

## 5. grein – Aukafélagar

Heimilt er að taka í félagið aukafélaga. Aukafélagar eru ungligar innan 16 ára aldurs, þeir sem greiða til félagsins en hafa ekki óskað eftir inngöngu sbr. 4. gr. og aðra sem stunda vinnu samkvæmt þeim samningum sem félagið hefur gert og starfa á starfssvæði félagsins um stundarsakir en eru félagar í öðru félagi.

Aukafélagar greiða fullt gjald til félagsins meðan þeir eru á félagssvæðinu, hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum félagsins en hvorki atkvæðisrétt né kjörgengi.

Samninganefnd getur þó ákveðið við afgreiðslu einstakra mála, í tengslum við kjarasamninga, að aukafélagar hafi atkvæðisrétt.

Skyldur félagsins gagnvart aukafélögum eru hinar sömu og gagnvart aðalfélögum.

## 6. grein – Starfsgreinadeildir félagsins

Félagið skal vera starfsgreinaskipt eftir deildum samkvæmt reglugerð samþykktri af aðalfundi.

Trúnaðarráð tekur ákvörðun um myndun starfsgreinadeilda skv. ákvæðum 18. gr. Formenn og varafomenn starfsgreinadeilda eru sjálfkjörnir í stjórn félagsins.

Nánar er kveðið á um starfsgreinadeildirnar og kjör stjórnar í reglugerð samþykktri af aðalfundi.

## 7. grein – Svæðisfulltrúar

Á félagssvæðinu skulu starfa 3 svæðisfulltrúar og varamenn þeirra. Þeir eiga að vera staðsettir utan Akureyrar. Svæðisfulltrúar eru sjálfkjörnir í stjórn félagsins.

Nánar er kveðið á um svæðisfulltrúa og kjör þeirra í reglugerð samþykktri af aðalfundi félagsins.

# II. Kafli – Réttindi og skyldur félagsmanna, réttindamissir, brottrekstur

## 8. grein – Réttindi félaga

Réttindi félagsmanna og greiðenda til sjóða félagsins eru eftirfarandi:

- a) a) Fullgildir félagar njóta málfrelsis, tillögu- og atkvæðisréttar á félagsfundum svo og kjörgengi.
- b) Atkvæðisréttur um kjarasamninga fer eftir nánari ákvörðun samninganefndar.
- c) Réttur til styrkja úr sjóðum félagsins, að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru í reglugerðum sjóðanna.
- d) Réttur til að vinna eftir þeim kjörum sem samningar félagsins ákveða hverju sinni.
- e) Réttur til aðstoðar félagsins vegna vanefnda atvinnurekenda á samningum.

## **9. grein – Skyldur félagsmanna**

Skyldur félagsmanna eru:

- a) Að hlíta lögum félagsins, fundarskópum, fundarsamþykktum og samningum í öllum starfsgreinum.
- b) Að sjá til þess að félagsgjöld séu dregin af launum sínum.
- c) Að gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið. Þó getur starfandi stjórnarmaður, sem verið hefur 3 ár eða lengur í stjórn félagsins samfellt, skorast undan endurkjöri í jafnlangan tíma. Sama regla skal gilda um önnur trúnaðarstörf fyrir félagið nema trúnaðarmenn á vinnustöðum, þar skal gilda ákvæði í reglugerð um trúnaðarmenn.
- d) Að stuðla að því að ófélagsbundnir menn gangi í stéttarfélagið og tilkynna til félagsins brot á lögum og reglugerðum félagsins.

## **10. grein – Félagsgjöld og réttindamissir**

Félagsgjöld eru ákveðin á aðalfundi og skulu innheimt sem ákveðið hlutfall af launum en þó er heimilt að ákveða lágmarks- og hámarksgjald.

- a) Félagsmaður, sem skuldar lögboðin gjöld til félagsins fyrir 6 mánuði eða meira, nýtur ekki fullra félagsréttinda, svo sem atkvæðisréttar, kjörgengis né styrkja úr sjóðum félagsins. Félagsréttindi öðlast hann ekki á ný fyrr en skuldin er að fullu greidd.
- b) Atvinnulaus félagsmaður sem greiðir félagsgjöld af atvinnuleysisbótum sínum heldur fullum félagsréttindum.
- c) Sá sem ekki hefur greitt til félagsins í 6 mánuði skal strikaður út af félagaskrá, eftir að tilkynning hefur verði send á lögheimili viðkomandi og veittur 10 daga frestur til andmæla.
- d) Liðir a) til c) gilda ekki um þá félagsmenn sem sýnt geta fram á að iðgjöld þeirra til félagsins hafi verið dregin af launum þeirra skv. reglulega útgefnum launaseðlum enda hafi þeir tilkynnt féluginu um vanskil þeirra iðgalda án ástæðulausra tafa eftir að þeim urðu vanskilin kunn.
- e) Liðir a) til c) gilda ekki um heiðursfélaga. Þeir halda félagsréttindum sínum án tillits til greiðslu félagsgjalda.
- f) Þeir sem orðnir eru 67 ára og hafa verið félagsmenn eigi skemur en 5 ár, halda félagsréttindum sínum þó þeir greiði ekki félagsgjöld, enda hafi þeir ekki gengið í önnur verkalyðsfélög. Þegar menn verða sjötugir missa þeir þó rétt til að taka þátt í atkvæðagreiðslum um aðalkjarasamninga eða boðun vinnustöðvunar til að knýja fram kjarasamninga, nema þeir sem enn eru á vinnumarkaði.

## **11. grein – Úrsagnir**

Úrsogn úr féluginu skal tilkynna með formlegum hætti til skrifstofu félagsins.

Enginn getur sagt sig úr féluginu eftir að atkvæðagreiðsla um vinnustöðvun hefur verið auglýst eða ákvörðun um vinnustöðvun hefur verið tekin af féluginu og þar til vinnustöðvuninni hefur verið formlega aflýst. Einnig er óheimilt að segja sig úr féluginu til þess að taka upp störf félagsmanna í öðru félagi er lagt hafa niður vinnu vegna deilu.

## **12. grein – Viðurlög**

Hafi félagsmaður verið sakadur um brot á lögum félagsins, samningum þess við vinnuveitendur eða vinnur gegn hagsmunum þess skal málið tekið fyrir á stjórnarfundi sem ákveður með einföldum meirihluta atkvæða hvort veita skuli áminningu eða svipta hann réttindum fullgildra félagsmanna.

Hver sá maður getur sætt missi fullgildrar félagsaðildar í félaginu, í lengri eða skemmri tíma sem að álti stjórnar hefur unnið gegn hagsmunum félagsins, bakað því tjón eða gert því eithvað til vansa, svo og hver sem ekki hlýðir lögum þess eftir gefna áminningu í félaginu. Skjóta má þeim úrskurði til trúnaðarráðs félagsins.

Úrskurði trúnaðarráðs um áminningu eða réttiindamissi félagsmanns má vísa til viðkomandi landssambands og Alþýðusambands Íslands, en úrskurður trúnaðarráðs gildir þar til sambandið ákveður annað.

Hafi félagsmaður misst stöðu fullgilda félagsmanns í félaginu á hann ekki rétt til þeirrar stöðu að nýju nema með samþykki stjórnar.

## **III. Kafli – Stjórn og trúnaðarráð**

### **13. grein – Stjórn**

Stjórn félagsins skipa eftirtaldir stjórnarmenn:

- a) Formaður
- b) Varaformaður
- c) Ritari
- d) Meðstjórnandi
- e) Formenn starfsgreinadeilda
- f) Varaformenn starfsgreinadeilda
- g) Svæðisfulltrúar

Kjöri stjórnarmanna skal lýst á aðalfundi. Leitast skal við að stjórn félagsins sé þverskurður af félagsmönnum og skal gætt jafnræðis milli starfsgreina, kynja og aldurs.

### **14. grein – Störf stjórnar**

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn allra félagsmála milli félagsfunda. Stjórnin boðar til félagsfunda, sbr. 20. gr. Hún ræður starfsmenn félagsins, ákveður kaup og kjör þeirra.

Stjórnin ber sameiginlega ábyrgð á eignum og fjárhag félagsins. Stjórn félagsins ber að varðveita sögu félagsins sé sem best.

Þegar félagsmaður lætur af trúnaðarstörfum fyrir félagið, skal hann skila af sér öllum þeim gögnum, er hann kann að hafa undir höndum varðandi störf þau, er hann hefur annast fyrir félagið, sem varðveislugildi hafa eða geta komið eftirmanni hans að gagni við störf sín.

### **15. grein – Formaður og varaformaður**

Formaður félagsins kveður til stjórnarfunda og stjórnar þeim. Formanni er skyldt að halda stjórnarfund óski a.m.k. þrír (3) stjórnarmenn eftir því. Formaður gætir þess að allir stjórnarmenn uppfylli skyldu sína. Hann hefur eftirlit með starfsemi félagsins og að lögum þess og samþykktum sé fylgt.

Varaformaður gegnir skyldum formanns í forföllum hans.

Formaður og varaformaður skulu vera starfsmenn félagsins. Stjórnin gerir ráðningarsamning við þá og semur kaup og kjör þeirra.

Formaður og varafomaður félagsins skulu ekki eiga sæti í svæðisráði eða stjórn starfsgreinadeilda.

## 16. grein – Ritari

Ritari ber ábyrgð á að gerðarbækur félagsins séu haldnar og færðar í þær allar fundargerðir og lagabreytingar. Hann undirritar gerðarbækur félagsins ásamt formanni eða fundarstjóra.

Heimilt er að skrá fundargerðir á tölvu. Skulu fundargerðir stjórnarfunda sendar öllum sem fundinn sátu ekki síðar en fyrir næsta fund.

Heimilt er að taka fundi félagsins upp á hljóð- og/eða mynd en fundargerðir skulu engu að síður skráðar.

Að loknu starfsári skal ritari sjá til þess að allar fundargerðir félagsins og deilda þess séu teknar saman og varðveittar með öruggum og skipulegum hætti.

## 17. grein – Trúnaðarráð

Trúnaðarráð skal vera starfandi í féluginu. Í ráðinu eiga sæti 60 félagsmenn auk stjórnamanna og varasvæðisfulltrúa. Trúnaðarráð er kjörið skv. 23. gr.

- a) Formaður félagsins skal vera formaður trúnaðarráðs og ritari félagsins ritari þess.
- b) Formaður kveður trúnaðarráð til funda með a.m.k. sólarhrings fyrirvara. Skylt er formanni að boða trúnaðarráð til fundar ef þriðjungur þess óskar og tilgreinir fundarefnini.  
Trúnaðarráðsfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.
- c) Formaður getur í nafni félagsstjórnar kallað saman trúnaðarráð stjórninni til aðstoðar þegar félagsleg vandamál ber að höndum og ekki eru tök á að ná saman félagsfundi, og ræður einfaldur meirihluti úrslitum í slíkum málum.
- d) Trúnaðarráð kýs samninganefnd félagsins í samræmi við 19. gr. hér á eftir og ber ábyrgð á kjarasamningagerð þess. Einnig skal trúnaðarráð skipa formann kjörstjórnar, þegar við á skv. 18. gr..
- e) Trúnaðarráð tekur ákvörðun um myndun eða fækkun/fjölgun starfsgreinadeilda og hverjir séu í hverri deild.
- f) Trúnaðarráð tekur ákvörðun um myndun eða fækkun/fjölgun svæðisfulltrúa og hvar þeir skulu vera staðsettir.
- g) Trúnaðarráð leggur fram lista með fulltrúum á þing og ársfundi þeirra samtaka sem félagið er aðili að.
- h) Trúnaðarráð tekur til umræðu og afgreiðslu tillögur uppstillingarnarfndar um stjórnsæti og skilar þeim til kjörstjórnar félagsins.
- i) Trúnaðarráð leggur fram framboðslista, tilgreint skal með skýrum haetti til hvaða stjórnsætis tillaga er gerð um mann eða menn.
- j) Trúnaðarráð skal leita eftir tilnefningum í samninganefnd svo tímanlega að ný samninganefnd geti hafið undirbúning að nýjum aðalkjarasamningi minnst fimm mánuðum áður en gildandi kjarasamningar renna út. Trúnaðarráð skipar í þau sæti sem eftir eru með tilliti til starfsgreina og/eða vinnustaða.
- k) Trúnaðarráð kýs fulltrúa á ársfund/þing ASÍ, AN og SGS.

## **18. grein – Kjörstjórn**

Kjörstjórn skal vera starfandi í féluginu. Hlutverk hennar er að annast stjórnarkjör, stjórna atkvæðagreiðslum um kjarasamninga, verkföll og allsherjaratkvæðagreiðslur skv. lögum félagsins, lögum ASÍ og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Kjörstjórnin skal kjörin af aðalfundi og í henni skulu eiga sæti tveir menn og tveir til vara. Við stjórnun atkvæðagreiðslna um kjarasamninga og verkföll skipar trúnaðarráð þriðja stjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

Að lokinni tillögugerð trúnaðarráðs auglýsir kjörstjórn félagsins framkomnar tillögur og framboðslista til trúnaðarráðs. Gefa skal félagsmönnum a.m.k. 7 sólarhringa frest til að bera fram aðrar tillögur eða lista. Er hvert það framboð gilt sem fram kemur innan þess tíma, er fullmannað og hefur skriflegt samþykki þeirra sem eru í framboði og meðmæli a.m.k. 80 fullgildra félaga.

## **19. grein – Samninganefnd**

Samninganefnd félagsins skal skipuð 50 einstaklingum. 38 eru tilnefndir af starfsgreinadeildum í hlutfalli við stærð. Frá stjórn koma formaður, varafirmaður, ritari, meðstjórnandi og svæðisfulltrúar. Trúnaðarráð skipar í þau sæti sem eftir eru með tilliti til starfsgreina og/eða vinnustaða.

Umboð samninganefndar fellur niður þegar aðalkjarasamningar og tengdir sérkjarasamningar hafa verið samþykktir. Stjórn félagsins eða formaður í umboði hennar sjá um gerð kjarasamninga á milli starfstíma samninganefnda.

- a) Formaður félagsins og varafirmaður eru sjálfskipaðir í nefndina. Skal formaður vera formaður samninganefndar og varafirmaður skipar það sæti í forföllum hans. Nefndin kýs úr sínum hópi ritara fundargerða og varamann hans.
- b) Hver starfsgreinadeild skal tilnefna þann fjölda samninganefndarmanna, sem stjórn félagsins heimilar henni.
- c) Trúnaðarráð staðfestir framkomnar tilnefningar og skipar nefndarmenn,. Ef tilnefningar eru ekki nægilega margar skal ráðið, án tilnefningar, skipa nefndarmenn þar til fullri tölu er náð, ef tilnefningar eru ekki nægilega margar.
- d) Samninganefnd kemur fram fyrir hönd félagsins við gerð kjarasamninga.  
Samninganefnd hefur meðal annars umboð til þess að setja fram kröfugerð félagsins, gera áætlun um skipulag viðræðna um endurnýjun kjarasamninga, gera tillögur að samningum, taka þátt í samningaviðræðum og slíta þeim, óska milligöngu sáttasemjara um samningaumleitanir og undirrita kjarasamninga.
- e) Samninganefndinni er heimilt:
  1. Að fela stjórn félagsins umboð sitt til gerðar kjarasamnings og undirritunar hans.
  2. Að fela undirnefndum umboð sitt til að gera og undirrita sérkjarasamninga.
  3. Að fela sameiginlegri samninganefnd fleiri félaga eða sambanda umboð sitt til samningagerðar að hluta eða öllu leyti.
  4. Að kveða á um sameiginlega atkvæðagreiðslu félagsmanna hlutaðeigandi félaga eftir því sem nefndin kann að ákveða hverju sinni eða kann að semjast með kjarasamningi.
  5. Að aflýsa vinnustöðvun og fresta boðaðri vinnustöðvun, einu sinni eða oftar um allt að 28 sólarhringa samtals eða fela stjórn félagsins umboð sitt til þess.
- f) Komi til atkvæðagreiðslu í samninganefndinni ræður einfaldur meirihluti, nema annað komi fram..
- g) Ákvarðanir samninganefndar um að fela sameiginlegri samninganefnd fleiri félaga umboð sitt um sameiginlegar atkvæðagreiðslur og um að aflýsa eða fresta vinnustöðvun eru því aðeins lögmætar og bindandi að þær hafi verið samþykktar með  $\frac{3}{4}$  hlutum greiddra atkvæða á lögmætum samninganefndarfundi.

- h) Enginn nema samninganefnd, og í umboði hennar undirnefnd eða formaður, geta gert bindandi kjarasamninga fyrir félagið eða einstaka starfshópa innan þess.
- i) Samninganefnd er heimilt að skipta með sér verkum eftir samningssviðum. Samninganefnd getur falið framkvæmdastjórnum, sem skipuð er formanni, varaformanni og formönnum starfsgreinadeilda, að vinna að ákveðnum verkefnum milli samninganefndarfunda.

## IV. kafli – Fundir og stjórnarkjör

### 20. grein – Félagsfundir

Félagsfundir skulu haldnir þegar stjórn félagsins álítur þess þörf eða minnst 50 fullgildir félagsmenn óska þess við stjórn félagsins og tilgreina skal fundarefnai.

Fundir skulu boðaðir með minnst sólarhrings fyrirvara með auglýsingum í dagblöðum og vefmiðlum Einingar-Iðju eða á annan sannanlegan hátt. Í undantekningar tilfellum má í sambandi við vinnudeilur boða fund með skemmri fyrirvara. Fundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Fundum félagsins skal stjórnæð eftir almennum fundarsköpum. Komi upp ágreiningsatriði um fundarsköp úrskurðar fundarstjóri hverju sinni með rökstuddum úrskurði. Komi fram ósk um skriflega atkvæðagreiðslu á félagsfundi er fundarstjóra skyld að verða við þeirri ósk.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema þar sem lög þessi ákveða annað.

### 21. grein – Aðalfundur

Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir lok maí ár hvert. Aðalfundur skal boðaður með dagskrá í dagblöðum og vefmiðlum Einingar-Iðju eða á annan sannanlegan hátt með minnst 7 sólarhringa fyrirvara og er hann lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Kosinn fundastjóri
2. Kosinn fundaritari
3. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
4. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
5. Lýst kjöri stjórnar félagsins og tilgreint hverjir taka sæti í stjórn sem sjálfkjörnir stjórnarmenn.
6. Kosning tveggja félagslegra skoðunarmanna og tveggja til vara.
7. Kosning löggilts endurskoðanda félagsins.
8. Kosning til annarra stjórnna, nefnda og ráða sem lög og reglugerðir félagsins gera ráð fyrir.
9. Kosning tveggja manna í kjörstjórn og tveggja til vara.
10. Kosning á fulltrúum í fulltrúaráð Lífeyrissjóðs félagsins.
11. Lagabreytingar, ef fyrir liggja.
12. Ákvörðun félagsgalda, ef tillaga um breytingar liggar fyrir.
13. Ákvörðun um laun stjórnarmanna.
14. Önnur mál.

## **22. gr. Stjórnarkjör**

Skylt er að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu við kjör stjórnar, annarra en þeirra sem sjálfkrafa eiga sæti í stjórn og skal tilhögun hennar fara eftir reglugerð ASÍ.

Við stjórnun allsherjaratkvæðagreiðslna um stjórnarkjör skv. lögum félagsins og/eða lögum ASÍ skipar miðstjórni ASÍ þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

Stjórn félagsins skal kosin til tveggja ára sem hér segir: Annað árið formaður og ritari, en hitt árið varaformaður og meðstjórnandi.

Formaður, varaformaður, ritari og meðstjórnandi félagsins eru kjörin persónubundinni kosningu.

Þegar auglýst er eftir tillögum vegna stjórnarkjörs er hverjum fullgildum félagsmanni heimilt að leggja fram tillögur um menn í eitthvert, einhver eða öll stjórnarsætin, sem kjósa skal til. Hverri tillögu eða framboðslista skulu fylgja meðmæli minnst 80 fullgildra félagsmanna, nema lista sem trúnaðarráð leggur fram. Tilgreint skal með skýrum hætti til hvaða stjórnarsætis tillaga er gerð um mann eða menn.

Trúnaðarráð leggur fram framboðslista, tilgreint skal með skýrum hætti til hvaða stjórnarsætis tillaga er gerð um mann eða menn.

Komi fram fleiri en einn listi eða tillögur um stjórnarmenn sem kjörnir eru beinni persónulegri kosningu skal kjörstjórni láta kjósa um á milli þeirra í allsherjaratkvæðagreiðslu sem fram fari í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund félagsins.

Komi ekki fram fleiri listar eða tillögur teljast þeir félagsmenn sem trúnaðarráð hefur gert tillögu um sjálfkjörnir.

Kosningu skal lýst á aðalfundi og tekur þá nýkjörin stjórn við féluginu.

## **23. gr. Kosning trúnaðarráðs**

Skylt er að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu við kjör trúnaðarráðs og skal tilhögun hennar fara eftir reglugerð ASÍ. Trúnaðarráð er kjörið til eins árs í senn. Trúnaðarráð er kjörið með listakosningu.

## **24. gr. Uppstillingarnefnd**

Í janúar ár hvert skal á fundi stjórnar kjósa uppstillingarnefnd fyrir félagið. Sjö félagsmenn skulu eiga sæti í nefndinni, þar af tveir búsettir utan Akureyrar. Nefndin fær tillögur frá starfsgreinadeildum um fólk í trúnaðarráð m.v. fjölda í hverri deild, 60 manns, og skal það tryggt að tilnefningin sé í takt við skiptingu félagsmanna á starfssvæði félagsins.

Uppstillinganefnd skilar tillögu sinni um lista til trúnaðarráðs að svo búnu til kjörstjórnar félagsins. Skal sá listi ætíð nefndur A-listi.

Uppstillinganefnd gerir jafnframt tillögu til trúnaðarráðs um kosningu formanns, varaformanns, ritara og meðstjórnanda sem öll skulu kosin persónubundinni kosningu.

## V. kafli – Fjármál

### 25. grein – Útgjöld

Af tekjum félags skal greiða öll útgjöld þess. Við meiriháttar ráðstafanir á eignum félagsins þarf samþykki stjórnar.

### 26. grein – Skoðunarmenn og löggilt endurskoðun sjóða félagsins

Tveir félagslegir skoðunarmenn skulu yfirfara reikninga félagsins fyrir liðið reikningsár og gera athugasemdir sínar við þá. Skoðunarmenn eru kosnir á aðalfundi. Hlutverk þeirra er m.a. að hafa eftirlit með því að fjármunum félagsins sé varið til þeirra verkefna sem félagsfundur og/eða stjórn hafa ákveðið.

Auk athugunar hinna félagskjörnu skoðunarmanna er stjórn félagsins skylt að láta löggiltan endurskoðanda endurskoða reikninga og fjárréiður félagsins í lok hvers reikningsárs.

Reikningar félagsins skulu liggja frammi, til skoðunar fyrir félagsmenn, 7 dögum fyrir aðalfund. Löggiltan endurskoðanda félagsins skal kjósa á aðalfundi félagsins.

### 27. grein – Sjóðir félagsins

Sjóðir í eigu eða vörlu félagsins skulu vera: Félagssjóður, sjúkrasjóður, orlofssjóður, vinnudeilusjóður, byggingasjóður, fræðslusjóður og aðrir sjóðir sem stofnaðir kunna að verða.

Allir sjóðir félagsins aðrir en félagssjóður skulu hafa sérstaka reglugerð sem samþykkja þarf á aðalfundi. Reglugerðum sjóða má aðeins breyta á aðalfundi. Reglugerð hvers sjóðs skal tilgreina hlutverk sjóðsins, hverjar tekjur hans skuli vera, hvernig verja skuli fé hans og hvernig honum skuli stjórnað. Reglugerðir, sem vitnað er til í lögum þessum, skulu bornar upp til samþykktar á aðalfundi félagsins, og taka gildi hljóti þær samþykki einfalds meirihluta fundarmanna.

Sjóðir félagsins skulu ávaxtaðir á tryggan hátt í ríkisskuldabréfum, í ríkistryggðum skuldabréfum í bönkum eða í sparisjóðum, í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign eða á annan hátt er stjórn félagsins metur tryggan og sem samræmist reglum ASÍ þar að lútandi.

Tekjur félagsins skiptast á milli sjóðanna samkvæmt ákvæðum í reglugerðum þeirra.

Félagssjóður greiðir allan almennan kostnað af starfsemi félagsins en þó skulu aðrir sjóðir standa straum af kostnaði hvers þeirra um sig skv. reglugerðum þeirra.

Um fjármál félagsins fer skv. lögum og viðmiðunarreglum ASÍ.

## VI. kafli – Lagabreytingar og allsherjaratkvæðagreiðsla

### 28. grein – Lagabreytingar

Lögum þessum má breyta á aðalfundi félagsins enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði. Einnig er heimilt að breyta lögum á félagsfundri, hafi lagabreytingarnar áður verið ræddar á félagsfundri og breytinganna getið í fundarboði. Jafnframt er heimilt að breyta lögum félagsins með allsherjaratkvæðagreiðslu skv. reglugerð ASÍ þar að lútandi.

Til þess að breytingin nái fram að ganga á fundi verður hún að vera samþykkt með 2/3 hlutum greiddra atkvæða fullgilda félagsmanna. Meirihluta atkvæða þarf til lagabreytinga í allsherjaratkvæðagreiðslu.

Um sameiningu félaga skal kosið í allsherjaratkvæðagreiðslu.

Breytingar á lögnum koma fyrst til framkvæmda er miðstjórn ASÍ og hlutaðeigandi landssamband hefur staðfest þær.

Tillögu til laga- eða reglugerðabreytinga, sem einstakir félagsmenn vilja koma á framfæri, skal skila til stjórnar félagsins eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund.

## **29. grein – Allsherjaratkvæðagreiðsla**

Allsherjaratkvæðagreiðslu skal viðhafa þegar stjórn félagsins eða lögmætur félagsfundur samþykkir að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu. Slíkar atkvæðagreiðslur er þó aðeins hægt að viðhafa um mál sem lögð eru þannig fyrir að hægt er að svara já eða nei, eða kjósa milli tveggja tillagna. Einnig skal við hafa allsherjaratkvæðagreiðslu þar sem þess er getið í lögum þessum.

## **VII. kafli – Annað**

### **30. grein – Reglur**

Félagið setur sér reglur til viðmiðunar vegna aðkomu fulltrúa félagsins að málum félagsmanna og félagsins sjálfss er varðar:

- a) Persónuupplýsingar og vinnslu persónuupplýsinga
- b) Ferðakostnað, risnu og gjafir
- c) Siðareglur
- d) Aðgerðaráætlun gegn einelti og kynbundnu ofbeldi
- e) Annað sem lög eða reglugerðir kveða á um

### **31. gr. – Verklagsreglur**

Stjórn félagsins er heimilt er að setja verklagsreglur um helstu málaflokka.

## **VIII. kafli – Félagsslit**

### **32. grein – Félagsslit**

Féluginu verður ekki slitið nema 3/4 allra félagsmanna samþykki það að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu.

Verði samþykkt að leggja félagið niður skal Alþýðusamband Íslands varðveita eignir þess þar til annað stéttarfélag er stofnað með sama tilgangi á félagssvæðinu. Fær það félag þá umráð eignanna að áskildu samþykki miðstjórnar ASÍ.

Um úrsögn félagsins úr ASÍ eða samtökum sem aðild eiga að því fer samkvæmt lögum ASÍ.

Lögin þannig samþykkt á aðalfundi Einingar-Iðju 15. maí 1999 með á orðnum breytingum, 2. maí 2002, 5. mars 2007, 20. nóvember 2007, 17. apríl 2012, 6. apríl 2017, 21. mars 2019, 16. apríl 2024